

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012,
Bergsstaðir, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. október 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í afmörkun svæðis fyrir frístundabyggð og landbúnaðarsvæði er breytist í samræmi við breyttar forsendur landnotkunar á jörðinni án þess að um sé að ræða aukningu á frístundabyggð.

Svæði fyrir frístundabyggð breytist í þrjú aðskilin svæði fyrir frístundabyggð. Um er að ræða 65 ha svæði sem nær frá Þjóðvegi og yfir Bæjarás, um 45 ha svæði á bökkum Tungufljóts vestan Þjóðveggar og um 24 ha svæði austan Þjóðveggar norðan til á jörðinni. Gert er ráð fyrir að þéttleiki á svæðinu verði sá sami varðandi stærðir sumarhúsalóða (0,5-1,0 ha) og í gildandi aðalskipulagi.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 25. október 2007.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.